



SJL1A05 / Sjónlist

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari
Ragnhildur Ragnarsdóttir

Netfang
ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is

Lýsing:

Áfanginn er 5 eininga símatsáfangi og nemendur þurfa að skila inn öllum verkefnum.
4 kennslustundir á viku (2 x 2 tímar)

Í áfanganum kynnast nemendur ýmsum leiðum til að efla skapandi hugsun með því að móta, þróa og skrásetja hugmyndir með teikningu. Með því er lagður grunnur að áframhaldandi námi í listgreinum við skólann þar sem að áhersla verður lögð á kveikjur, hugmyndavinnu, skissugerð og úrvinnslu. Leiðarljós áfangans eru sjálfstæð, skipulögð og öguð vinnubrögð. Nemendur fá leiðsögn frá kennara og ráðgjöf við framkvæmd og úrlausn verkefna. Í lok hvers verkefnis fer fram opin og gagnrýnin umræða þar sem nemendur kynna afurð verkefna.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gerð teikninga með tilliti til línu, forms og skyggingar
- mismunandi eiginleikum teikniáhalda og pappírs
- mismunandi teikniáferðum við gerð eigin myndverka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita formum, línu og þrívíddarhugsun í myndbyggingu
- túlka eigin hugmyndir og skoðanir með teikningu á sannfærandi hátt
- geta endurspeglad atburðarás með teikningu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fullvinna heilsteypt verk sem grundvallast á teikningu
- gera sjálfstæðar og persónulegar rannsóknir á viðfangsefni sínu og vinna út frá því heildstætt verk
- vinna úr hugmyndum og nota skissubók til að þróa úrlausnir

Námsmat:

Fjölbreytilegt námsmat með áherslu á símat, endurgjöf og leiðsögn. Vinna nemenda í kennslustund er metin.

1. 10%. Einna línu teikning
2. 30% Teikning, hluta- og formteikning, skygging, fjarvídd
3. 15% Vatnslitir og tilraunir
4. 20% Þrykk aðferðir
5. 10%. Munsturgetð
6. 15%. Unnið í anda listamanns

Samtals: 100%

Mat verkefna:

50% Fagleg vinnsla verkefnis, listrænt gildi og frumleiki

20% Hugmynda- og skissuvinna

15% Kynning á eigin verkum og þátttaka í í umræðum um verk annara

15% Vinnusemi og ástundun

Verkefni þurfa að vera unnin í tíma. Kennari getur ekki metið verkefnið til einkunnar ef ekki er sýnileiki að vinnslu verkefnis.

Námsgögn: Nemendur þurfa að hafa hugmynda- og skissubók í stærð A5 eða A4 – innbundin bók með blaðsíðum án lína. Pennaveski, mismunandi skrif - og teikniáhöld og strokleður. Að öðru leyti fá nemendur námsgögn hjá kennurum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar: Áfanginn krefst þess að farið er á vettvang og því mikilvægt að átta sig á því að nemendur gætu þurft að mæta á söfn eða aðra viðburði utan hefðbundinnar stundaskrár. Stefnt er að fara á sýningar og/eða vinnustaðaheimsóknir. Kennari mun láta nemendur vita með góðum fyrirvara.

Skólasókn: Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 90% skólasókní áfanganum.

Seinkomur og fjarvistir: Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

Verkefnaskil: Verkefni þurfa að vera unnin í tíma. Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin til einkunnar. Eftir að skilafresti er lokið er ekki tekið á móti verkefnum nema með samráði við kennara. Ef um forföll eða veikindi eru að ræða á að tilkynna þau á lnu og eða skrifstofu.

Skólinn tekur ekki ábyrgð á að geymslu verkefna.

Farsímar: Ekki er leyfilegt að nota farsíma uppi við í kennslustundum nema í þágu verkefnis.

Neysla matar í kennslustufunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vökva í lokuðum ílátum.

| Vika | Dags. | Námsþættir | Námsmats- þættir |
|------|-------------------|--|--|
| 34 | 19. ágúst | Nýnemadagur | <i>Nýnemadagur</i> |
| 34 | 19.-23. ágúst | Kynning á áfanga. Einna línu teikning, portrait | 10% |
| 35 | 26.-30. ágúst | Einna línu teikning, portrait, frágangur í harmóníkubrot | <i>Verkefnaskil</i> |
| 36 | 2.-6. sept. | Teikning, hlutateikning og skygging | 30% |
| 37 | 9.-13.sept. | Teikning, fuglar, skyggingar og hraðteikningar | <i>Verkefnaskil</i> |
| 38 | 16.-20.sept | Vatnslitir og tilraunir | 15% <i>U&Ú. Vörðuvika I.</i> |
| 39 | 23.-27. sept. | Vatnslitir og tilraunir | <i>Verkefnaskil</i> |
| 40 | 30.sept.- 4. okt. | Teikning, uppstilling og tilraunir | |
| 41 | 7.-11. okt. | Teikning, módel, andlit og hraðteikningar | <i>Verkefnaskil</i> |
| 42 | 14.-18. okt. | Þrykk aðferðir, dúkrista, gelþrykk, stunga/rispa | 20% |
| 43 | 21.-23. okt. | Þrykk aðferðir, dúkrista, gelþrykk, stunga/rispa | <i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i> |
| 44 | 29. okt.-1. nóv. | Þrykk aðferðir, dúkrista, gelþrykk, stunga/rispa | <i>Verkefnaskil</i> |
| 45 | 4.-8. nóv. | Teikning með kolum / þurrpastel, olíupastel | <i>U&Ú. Vörðuvika II.</i> |
| 46 | 11.-15. nóv. | Teikning með kolum / þurrpastel, olíupastel | <i>Verkefnaskil</i> |
| 47 | 18.-22. nóv. | Munsturgerð | 10% |
| 48 | 25.-29. nóv | Munsturgerð | <i>Verkefnaskil</i> |
| 49 | 2.-6. des. | Unnið í anda listamanns/teiknara | 15% |
| 50 | 9.-12. des | Unnið í anda listamanns/teiknara, frágangur | <i>Síðasti kennsludagur Verkefnaskil</i> |

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.